

Trúnaðarráðsfundur no 1, 2014/2015

Ár 2014 þriðjudaginn 23. september kom stjórn og trúnaðarráð saman til fundar í fundarsal Einingar-Iðju og hófst hann kl. 19.30 Undirritaðir sátu fundinn.
Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fólk velkomið.

1. Þinga ASÍ 22.ö24. október n.k.

Samþykkt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu.Listi Trúnaðarráðs eftirfarandi:

Aðalmenn: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður St. Stefánsdóttir.

Varamenn: Helga Eymundsdóttir, Jónas Sveinsson, Erla Bjarnadóttir, Guðmundur L. Helgason.

2. Kjarábing FVSA 8. október n.k.

Tilkynna þarf þátttöku á fundinn. Fundarmönnum verður skipt í þrjá hópa.

Málefni fundarins: Velferð – Vinnumarkaðurinn – Kjaramál.

3. Ályktun.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun:

Fundur í stjórn- og trúnaðarráði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, haldinn 23. september 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 með hliðsjón af þeirri gagnrýni sem frumvarpið hefur fengið frá samtökum launafólks undanfarið.

Þau atriði sem einkum eru gerðar athugasemdir við eru:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til Virk Starfsendurhæfingasjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til mennta-, heilbrigðis- og vinnumarkaðsmála.

Ljóst er að ef ofangreind atriði verða samþykkt óbreytt verða launþegasamtökin að efna til harðari kröfugerðar gagnvart atvinnurekendum en reiknað var með til að rétta hlut þeirra sem minnst hafa.

4. Önnur mál

ASÍ ung. Tveir fulltrúar félagsins fóru á þing ASÍ ung sem haldið var í Reykjavík í september, var þeim þökkuð þátttakan.

Fleira ekki fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefánía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Gunnarsson, Anna Kristín Árnadóttir, Guðmundur L Helgason, Jón Lárusson, Halldór Óli Kjartansson, Kristín Hjaltalín, Jónas Sveinsson, Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.